

Ytra mat leikskóla Hamrar Reykjavík

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-75-6

Efnisyfirlit

| | |
|-------------------------------------------------|----|
| Samantekt niðurstaðna | 5 |
| Inngangur | 7 |
| Markmið og tilgangur | 7 |
| Gagnaöflun | 7 |
| Leikskólinn Hamrar | 8 |
| Leikskólinn og umhverfi hans | 8 |
| Starfsmenn. | 8 |
| Húsnæði | 8 |
| Útileiksvæði | 9 |
| Hugmyndafræði og áherslur | 9 |
| Stjórnun | 9 |
| Stjórnskipulag og skipurit. | 9 |
| Námskrá og áætlanir | 10 |
| Stjórnun og starfsmenn | 10 |
| Fagleg forysta | 11 |
| Starfsandi og starfsánægja | 11 |
| Uppeldis- og menntastarf | 13 |
| Námsaðstæður | 13 |
| Starfshættir | 13 |
| Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna. | 13 |
| Námssvið | 13 |
| Velferð og líðan barna | 14 |
| Mat á námi og velferð barna | 14 |
| Foreldrasamvinna og ytri tengsl | 15 |
| Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun | 15 |
| Viðhorf foreldra | 16 |
| Samstarf við grunnskóla | 16 |
| Annað samstarf | 17 |
| Skóli án aðgreiningar | 17 |
| Sérfræðiþjónusta og sérkennsla | 17 |
| Börn með annað móðurmál en íslensku. | 18 |
| Innra mat | 19 |
| Skipulag og viðfangsefni | 19 |
| Gagnaöflun og vinnubrögð | 19 |
| Opinber birting og umbætur | 19 |
| Samantekt. | 21 |
| Lokaorð | 23 |
| Heimildir. | 24 |

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Hamrar er fimm deilda leikskóli sem stendur við Hamravík í Reykjavík. Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum lágmarksaðstöðu í leikskólum samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla. Engu að síður væri æskilegt að bæta vinnuumhverfi barna og starfsfólks, svo sem lýsingu í sameiginlegum rýmum, aðstöðu til hreyfileikja inni, aðstöðu fyrir næðisstundir barna og aðstöðu fyrir fjölmennari fundi. Útileiksvæði er fremur lítið miðað við fjölda barna í leikskólanum en það er vel búið leiktækjum og aðstaða til grófhreyfinga er góð. Um þriðjungur starfsfólks er með leikskólakennaramenntun og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Gildi Hamra eru: *Jákvæðni, samvinna, hlustun og virðing* og endurspeglast þau í öllu starfi leikskólans.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Gott samstarf er á milli leikskólans og skóla- og frístundasviðs. Drög að skólanámskrá liggja fyrir sem unnin var í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna. Samvinna stjórnenda er góð og verkaskipting skýr þó að hún sé ekki skrifleg. Skipulag daglegs starfs í leikskólanum er einnig skýrt og aðgengilegt starfsfólki. Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans og aðgengi að leikskólastjóra er gott. Ákvarðanatata einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og starfsfólk fær svigrúm til og er hvatt til símenntunar. Skólabragurinn er góður, starfsfólk er ánægt með starfsandann og telur að jafnræðis sé gætt. Starfsfólk segir þekkingu sína og hæfni vera vel nýtt og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Skrá ætti með skýrari hætti hvernig staðið er að móttöku nýrra barna og foreldra og skrá verklag í kringum móttöku nýrra starfsmanna. Gera þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann og skrá verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Lýðræðislegt samstarf einkennir starfshætti og lögð er áhersla á að raddir barnanna fái að heyrast og að þau hafi áhrif á starf leikskólans. Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börn og hvatning til sjálfshjálpar er sýnileg. Markvisst er unnið að námssviðum leikskóla með hliðsjón af grunnþáttum menntunar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Börnin eru glöð, milli þeirra ríkir samkennd og þeim líður vel í leikskólanum. Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær. Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna og samvinna er við foreldra um mat á námi þeirra. Viðurkenndar skimanir eru notaðar til að meta málþroska barna. Efniviður er áhugaverður og aðgengilegur fyrir börnin en takmarkað svigrúm er innandyra til að mæta hreyfipörf barna í leik.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans, samstarf við stjórnendur hans og starfsmenn. Ánægja er einnig með gott upplýsingastreymi frá leikskólanum. Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum skólans. Foreldraráð er starfandi við leikskólann sem starfar samkvæmt lögum um leikskóla

en leita ætti leiða til að velja foreldra í foreldraráð með lýðræðislegum hætti. Einnig ætti foreldraráðið að setja sér starfsreglur, rita fundargerðir og birta á heimasíðu leikskólans til upplýsingar fyrir aðra foreldra. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eiga allir foreldrar þess kost að vera þátttakendur í stjórn félagsins. Litlar upplýsingar eru um starfsemi foreldrafélagsins á heimasíðu og bæta þyrfti úr því ásamt því að gera foreldrum grein fyrir hvernig gjöld þeirra til félagsins eru notuð. Til fyrirmyndar er hvernig staðið er að samstarfi Hamra og Kelduskóla-Víkur. Unnið er með Söguaðferð og í átján vikur yfir veturinn fara elstu börnin vikulega í grunnskólann og eru þar í vinnustund í 80 mínútur í senn. Einnig er vel staðið að gagnkvæmri upplýsingagjöf á milli leikskólans og grunnskólans.

Skóli án aðgreiningar

Leikskólinn leggur áherslu á snemmtæka íhlutun og er í góðu samstarfi við þjónustumiðstöð hverfisins. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með stuðning og börn með annað móðurmál en íslensku. Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega. Vel er staðið að greiningu og stuðningi við málþroska barna og unnið markvisst að eflingu málþroska hjá börnum með annað tungumál en íslensku. Æskilegt er að leikskólinn auki upplýsingar á heimasíðu um hvernig staðið er að sérfræðiþjónustu í leikskólanum.

Innra mat

Innra mat er samofið daglegu starfi og mat á starfsháttum fer fram reglulega. Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum barna og starfsfólks um það sem betur má fara í leikskólastarfinu. Greinargerð um innra mat er hluti af starfsáætlun leikskólans og hún er birt á heimasíðu. Vel er brugðist við ábendingum frá foreldrum um það sem betur má fara og umbætur gerðar. Gera ætti matsáætlun til að tryggja að matið nái til allra þátta í starfi leikskólans þegar til lengri tíma er litið og skoða hvernig foreldrar geta komið meira að formlegu mati á starfinu.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hömrum í Reykjavík. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Ingibjörgu Gunnarsdóttur og fór fram á vettvangi 9.-11. nóvember 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
- að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra í byrjun nóvember á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og umsjónaraðila sérkennslumála. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Haft var samband við skrifstofustjóra leikskóla Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í skólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipu lag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

mynd af skólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlustrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskólinn Hamrar

Leikskólinn Hamrar er fimm deilda leikskóli sem stendur við Hamravík í Reykjavík.⁴ Hann tók formlega til starfa 31. janúar 2001. Í upphafi var leikskólinn fjögurra deilda en í ágúst 2002 var hann stækkaður og varð fimm deilda. Deildum leikskólans er skipt í tvær yngri deildir, Álfaberg og Dvergastein og tvær eldri deildir, Hulduhól og Tröllabjarg og svo er ein deild, Skessuhlíð fyrir elstu börnin. Í leikskólanum dvelja 106 börn á aldrinum eins árs til sex ára, 56 stúlkur og 50 drengir. Eitt barn nýtur sérstakrar sérkennslu og sjö börn eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er vel staðsettur í gróinni íbúabyggð með náttúruna allt um kring. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7.30-17.00.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 26 starfsmenn í 24.04% stöðugildum, þar með talinn leikskólastjóri, starfsmenn í eldhúsi og afleysingum. Stjórnunarhlutfall á Hömrum er 140%. Átta starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun, tveir með próf í uppeldisgreinum, tveir með aðra háskólamenntun, fimm leikskóla-liðar og níu leiðbeinendur. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar eru allir leikskólakennarar. Um þriðjungur starfsfólks er með leikskólakennaramenntun og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.⁵ Einn karlmaður er við störf í leikskólanum. Stöðuleiki hefur einkennt starfsmannahald í leikskólanum frá upphafi.⁶

Húsnæði

Fjórar deildir eru í meginhúsnæði leikskólans og hefur hver deild til umráða leikstofu, hvíldarherbergi og snyrtingu en sameiginlegur fataklefi er fyrir tvær og tvær deildir. Auk þess er sameiginlegt rými, salur, tveir listaskálar og svæði fyrir einingakubba. Elsta deildin er í útihúsi og er ekki innangengt á milli. Í útihúsi er leikstofa, snyrting fyrir börnin, eldhúskrúkur og fatahengi en ekki er rými fyrir hvíld barna. Sameiginleg skrifstofa er fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, setustofa fyrir starfsmenn með læstum skápum, snyrting fyrir starfsfólk, undirbúningsherbergi og fundarherbergi, sem einnig er nýtt fyrir sérkennslu. Þá er í leikskólanum framreiðslueldhús og búr.

Þó að húsnæði leikskólans uppfylli í meginatriðum lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla væri engu að síður æskilegt að bæta vinnuumhverfi barnanna. Hljóðvist í skólanum er góð en lýsingu er víða ábótavant í sameiginlegum rýmum deilda. Aðstaða til hreyfileikja inni er ekki góð, rýmið er lítið og gólfefni sleipt. Engin aðstaða er fyrir næðisstundir barna nema inni á skrifstofu hjá leikskólastjóra.⁷ Aðstaða til funda er lítil og rúmar ekki fjölmenna fundi. Fataklefar barnanna eru litlir miðað við fjölda barna. Upplifun foreldra í rýnihópi var að aðstaðan í leikskólanum væri ekki nógu góð sökum þrengsla og bentu þau á að full þörf væri á að byggja við leikskólann vegna eftirspurnar eftir leikskólaplássi í hverfinu.⁸ Var rýmið og

³ Sjá nánar í lok skýrslunnar.

⁴ Drög að skólanámskrá Hamra.

⁵ Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷ Viðtal við leikskólastjóra

⁸ Viðtal við rýnihóp foreldra

aðstaðan nefnd í rýnihópum bæði starfsmanna og foreldra sem helsti veikleika leikskólans og bent á að það væru of mörg börn í litlu rými.

Útileiksvæði

Útileiksvæði er fremur lítið miðað við fjölda barna í leikskólanum en er vel búið leiktækjum og aðstaða til grófhreyfinga er góð. Í vettvangsathugun sáu matsmenn að kennarar skiptu sér á útileiksvæði og staðsettu sig þannig að þeir hefðu yfirsýn yfir allt svæðið. Skráð hefur verið hvernig starfsmenn skipta á milli sín vöktun á útisvæði. Útisvæðið rúmar ekki með góðu móti öll börnin á leikskólanum í einu og því er þeim skipt í útiveru, yngri börnin eru í útiveru fyrir hádegi og eldri börnin eftir hádegi. Bent var á í rýnihópi foreldra að setja þyrfti net yfir sandkassann þegar hann væri ekki í notkun til að beina köttum frá.

Hugmyndafræði og áherslur

Stefna leikskólans er að vera með starf sem eflir trú barna á eigin getu og byggir upp jákvæða sjálfsmynd þeirra.⁹ Lögð er áhersla á mikilvægi leiksins í félagslegum samskiptum og námi barna og bernskulæsi. Uppeldisstefna leikskólans byggir á hugmyndum Birgittu Knutsdóttir Olafsson. Hún talar um þrjá þætti sem skipta máli ef barnið á að þróa leikhæfileika sína: Að barnið finni fyrir öryggi, fái að leika ótruflað og hafi verkfæri leiksins. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að áhersla er lögð á þátttöku fullorðinna sem kenna leikfærni og undirbúa og aðstoða við leik, bæta við efnivið og hjálpa börnunum að þróa leikinn.¹⁰ Áhersla er á að börnin geti unnið úr reynslu sinni í gegnum leikinn. Boðið er upp á val og flæði í leik til að auka lýðræði barna. Stefna leikskólans og áherslur eru sýnilegar í starfi.

Gildi Hamra eru: *Jákvæðni, samvinna, hlustun og virðing*. Gildin voru ekki sýnileg á veggjum leikskólans og foreldrar vissu ekki hver þau væru. Starfsfólk þekkti vel gildin og þau endurspegluðust í starfi með börnunum og í samstarfi við foreldra.

Styrkleikar

- Starfsmenn eru duglegir að leita lausna og vinna vel úr aðstæðum, skipta börnum inni og úti og nýta húsnæði vel.
- Góð hljóðvist er í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu.
- Áherslur, stefna og gildi leikskólans eru sýnileg í starfi með börnum.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Bæta þarf lýsingu í sameiginlegu rými leikskólans.
- Skoða mætti hvort ástæða sé til að fækka börnum eða breyta skipulagi og nýtingu húsnæðis og endurskoða rými fyrir hreyfingu, næðisstundir og stærri fundi.
- Gera má gildi leikskólans sýnilegri á veggjum hans og kynna betur fyrir foreldrum.

⁹ Drög að skólanámskrá Hamra

¹⁰ Viðtal við rýnihóp deildarstjóra

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Hamra er Reykjavíkurborg, sem rekur 64 leikskóla í borginni.¹¹ Skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs og fer með verkefni nefndar, sem kjörin er af sveitarstjórn, samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ráðið mótastefnu í menntamálum og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar sé fylgt og fylgist með gæðum skólustarfs. Skóla- og frístundasvið heyrir undir ráðið og er sviðsstjóri yfirmaður þess. Undir honum starfar skrifstofustjóri leikskóla sem hefur yfirumsjón með faglegu starfi leikskóla í borginni. Í tölvupósti frá skrifstofustjóra kom fram að samskipti við leikskólustjóra Hamra hafi verið með miklum ágætum í gegnum tíðina.¹² Starfsmannahald og fjármál leikskólans hafa yfirleitt gengið mjög vel og faglegt starf verið gott. Þjónusta við leikskóla í Reykjavík á sviði sérfræðipjónustu hefur frá árinu 2005 verið á sex þjónustumiðstöðvum í borginni. Sérfræðipjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamnings milli skóla- og frístundasviðs annars vegar og velferðarsviðs hins vegar. Leikskólinn Hamrar fær sérfræðipjónustu frá þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness – Miðgarði.

Skóla- og frístundasvið hefur mótað stefnu og starfsáætlun fyrir árið 2015, sem gildir fyrir allar undirstofnanir sviðsins.¹³ Þar koma fram fimm meginþættir sem lögð er áhersla á í starfsemi sviðsins: (1) Málþroski og lesskilningur, (2) verk-, tækni- og listnám, (3) lýðræði, jafnrétti, mannréttindi, (4) fjölmenning og (5) gæði og fagmennska. Gert er ráð fyrir að hver starfsstaður setji sér markmið sem byggja á þessum þáttum og marki sér sérstöðu með áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í starfi. Skipurit fyrir leikskólann liggur ekki fyrir.

Námskrá og áætlanir

Drög að nýrri skólanámskrá Hamra lágu fyrir og voru í umsagnaferli hjá foreldraráði þegar matið fór fram. Drög að skólanámskrá uppfylla í meginráttum þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og stefnumótandi samþykktum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Námskráin er unnin undir forystu leikskólustjóra og komu allir starfsmenn leikskólans að gerð hennar auk foreldra og barna.¹⁴ Námskráin var unnin á fundum og skipulagsdögum starfsmanna í samstarfi við tvo aðra leikskóla og undir handleiðslu leikskólaráðgjafa hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Einn fundur var haldinn sameiginlega með foreldrum leikskólanna þriggja. Börnin komu að skólanámskrárvinnunni með umræðum og lögðu fram teikningar. Ljósmyndir úr starfi barnanna skreyta námskrána.

Starfsáætlun 2015-2016 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Þar er að finna þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Starfsáætlun er unnin í samvinnu starfsfólks. Árlega er starfsáætlun leikskólans skilað til skóla og frístundasviðs þar sem hún er yfirfarin af starfsfólki sviðsins og lögð fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Starfsmannahandbók er að sögn leikskólustjóra í vinnslu en nokkurs konar starfsmannahandbók er aðgengileg í flettimöppum á vegg á öllum deildum leikskólans. Þar er að finna deildarnámskrá, hópa-skiptingar barna, vaktir starfsmanna og hlutverk, skiptingu sameiginlegra svæða og val, eftirlitsferðir og staðsetningu starfsmanna á útisvæði, rýmingaráætlun, viðbrögð við stunguóhöppum, viðbrögð við slysum á lóð, verkferil vegna slysa á börnum og leiðbeiningar um skyndihjálp. Rýmingaræfingar eru gerðar einu sinni til tvisvar á ári vegna jarðskjálfta og bruna.¹⁵ Fræðsla um slysavarnir fer fram annað hvert ár.

¹¹ Heimasíða Reykjavíkurborgar

¹² Tölvupóstur frá skrifstofustjóra leikskóla Reykjavíkur

¹³ Heimasíða Reykjavíkurborgar

¹⁴ Drög að skólanámskrá Hamra

¹⁵ Viðtal við leikskólustjóra

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun skólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Verkskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er skýr að mati þeirra en hún er ekki skráð.¹⁶ Leikskólastjóri hefur stýrt starfinu frá stofnun leikskólans árið 2001. Hann ber ábyrgð á rekstri og daglegri stjórn. Aðstoðarleikskólastjóri hefur einnig starfað frá upphafi og er í 40% starfshlutfalli sem stjórnandi. Hlutverk hans er meðal annars að skipuleggja og samhæfa störf starfsmanna á deildum, sjá um vinnustund, foreldrasamskipti og fjármál. Leikskólastjóri myndar ásamt aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum stjórnendateymi leikskólans. Deildarstjórar taka þátt í öllum ákvörðunum í leikskólanum og stýra faglegu starfi á deildum. Leikskólastjóri gefur deildarstjórum frjálsar hendur og leggur áherslu á dreifstýringu.¹⁷

Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar starfsárið 2015-2016 eru sjö og fara starfsmannafundir einnig fram þá daga. Skipulagsdagar leik- og grunnskóla í hverfinu eru samræmdir. Dagskrá skipulagsdaga er kynnt fyrir starfsfólki. Deildarstjórafundir eru haldnir á tveggja til þriggja vikna fresti, hver deildarstjóri skráir fundargerð og fer með inn á sína deild og fer yfir hana með starfsfólki. Deildarfundir eru haldnir aðra hverja viku og fundargerðir skráðar. Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma.¹⁸

Deildarstjórar eru með í ráðum við ráðningu nýrra starfsmanna. Nýir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Verklýsingar starfsmanna eru skýrar og reynt er að koma til móts við óskir starfsmanna um val á deild eftir áhuga-sviði og aldri barna. Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum skráum í tölvum. Verklag í kringum móttöku nýrra starfsmanna þarf að lagfæra að sögn leikskólastjóra. Skráðar verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir.

Að mati starfsmanna í rýnihópum er upplýsingaflæði til starfsmanna mjög gott. Á hverjum morgni eru stuttir stöðufundir deildarstjóra og leikskólastjórnenda og fara deildarstjórar með skilaboð inn á deildir að þeim loknum. Í starfsáætlun 2015-2016 er gerð grein fyrir símenntun síðasta starfsárs en áætlun um símenntun fram í tímann liggur ekki fyrir. Fram kom í rýnihópi starfsmanna að leikskólastjóri skapar svigrúm og hvetur til símenntunar en mismunandi er hve mikið starfsfólkið nýtir sér þau tækifæri.

Fagleg forysta

Leikskólastjórinn sagðist í viðtali telja sig réttlátan stjórnanda sem deilir út verkum, treystir deildarstjórum, nýtir mannauð og hlustar á starfsfólkið. Hún leggur áherslu á að vera sýnilegur, er duglegur að fara á allar deildir og leggur mikið upp úr því að heilsa og kveðja börn, foreldra og starfsmenn. Leikskólastjóri leggur áherslu á að börnin hafi gott aðgengi að sér og börnin í rýnihópi sögðust öll þekkja leikskólastjóran vel og nefndu hann með nafni.

Leikskólastjóri fer ekki inn á deildir gagngert til að fylgjast með námi og starfi og gefa endurgjöf en segist hafa tilfinningu fyrir frammistöðu starfsmanna. Hann tekur starfsþróunarviðtöl einu sinni á ári, skráir niðurstöður þeirra og byggir á þeim í næsta viðtali. Aðstoðarleikskólastjóri leysir af leikskólakennara á meðan þeir sinna undirbúningi og segist markvisst vinna að því að gefa starfsfólki endurgjöf.¹⁹ Í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kom fram ánægja með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og forystu þeirra.²⁰ Sagði starfsfólkið að stjórnendur væru jákvæðir og uppbyggilegir, þeir væru aðgengilegir og gott væri að leita til þeirra.²¹ Þeir taka vel í nýjar hugmyndir og starfsfólk upplifir að það eigi hlutdeild í þeim ákvörðunum sem eru teknar á leikskólanum. Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar sem gerð var í mars 2015 kemur fram mikil ánægja starfsmanna Hamra með stjórnun leikskólans. Meðaltal þeirra þáttá sem snúa að stjórnun var umtalsvert hærra í Hömrum en meðaltal leikskóla í borginni. 92% starfsfólks Hamra svaraði könnuninni.

¹⁶ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra

¹⁸ Viðtal við rýnihóp deildarstjóra og starfsmanna

¹⁹ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra

²⁰ Viðtal við rýnihóp deildarstjóra og starfsfólks

²¹ Viðtal við rýnihóp starfsfólks

Starfsandi og starfsánægja

Í framangreindri starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar, frá mars 2015, kemur fram að starfsánægja starfsmanna í Hömrum er umtalsvert meiri en að jafnaði í öðrum leikskólum borgarinnar. Allir starfsmenn sem svöruðu könnuninni sögðu að þeim liði vel í vinnunni og væru ánægðir í starfi.²² Þeir vita til hvers er ætlast af þeim í vinnunni, telja hæfni sína vera vel nýtt og eru stoltir af starfi sínu. Allir meta þeir starfsanda og samvinnu góða og segja starfsfólk miðla þekkingu á milli sín. Þessar niðurstöður eru í samræmi við það sem fram kom í viðtölum og í rýnihópum. Þar kom fram að jákvætt hugarfar væri ríkjandi meðal starfsmanna, þeir væru lausnamiðaðir og allir hjálpuðust að við að bæta starfið, þróa og byggja upp. Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Ef upp koma ágreiningsefni eru þau leyst. Í öllum viðtölum og rýnihópum var góður starfsandi og jákvæðni í starfsmannahópnum nefnt sem einn af helstu styrkleikum leikskólans. Ýmislegt hefur verið gert til þess að efla gleði og góðan starfsanda, svo sem starfsmannaskemmtanir og fræðsluferðir innanlands og utan. Í rýnihópi foreldra kom fram að það sem einkenni skólann sé traust við fyrstu kynni og að vel sé hlúð að hverju barni. Matsaðilar urðu varir við jákvæðni og góðan starfsanda á meðan leikskólaheimsókn stóð. Markvisst er unnið að því að efla samskipti barna með áherslu á vinsemd og hjálpssemi og var sýnilegt í vettvangsathugunum að starfsfólk hefur trú á getu og hæfni allra barna.

Metnaður einkennir leikskólastarfið að sögn starfsmanna og allir vilja vinna vel. Gott faglegt starf var af stjórnendum og starfsfólki í rýnihópum nefnt sem einn af helstu styrkleikum leikskólans. Í því samhengi var einnig nefnt að metnaður starfsmanna til að vinna vel og tileinka sér nýjungar gerði það að verkum að stundum væru þeir með of mörg járn í eldinum í einu, skipulagið væri stíft og það hefði álag í för með sér.²³ Samkvæmt starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar metur tæplega fjórðungur starfsfólks Hamra álag sitt í starfi mikið.²⁴

Styrkleikar

- Gott samstarf er á milli leikskólans og skóla- og frístundasviðs.
- Gerð skólanámskrár er samvinnuverkefni starfsfólks, foreldra og barna.
- Samvinna stjórnenda er góð og verkaskipting skýr þó að hún sé ekki skrifleg.
- Skipulag daglegs starfs í leikskólanum er skýrt og aðgengilegt starfsfólki.
- Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Leikskólastjóri skapar svigrúm og hvetur til símenntunar.
- Ákvarðanataka einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Aðgengi starfsfólks, foreldra og barna að leikskólastjórnendum er gott.
- Skólabragur í leikskólanum er jákvæður.
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann og samvinnu í leikskólanum og telur að jafnræðis sé gætt.
- Starfsfólk segir þekkingu sína og hæfni vera vel nýtt og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.

²² Viðhorfakönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2015

²³ Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra

²⁴ Viðhorfakönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2015

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans og skrá verkaskiptingu stjórnenda.
- Æskilegt er að skrá með skýrari hætti hvernig staðið er að móttöku nýrra barna og foreldra.
- Gera ætti símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Skrá þarf verklag í kringum móttöku nýrra starfsmanna.
- Skrá þarf verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Stjórnendur mættu fylgjast með námi og starfi í leikskólanum og í þeim tilgangi að gefa starfsfólkinu endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnaðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum að því frátöldu að rými til hreyfiiðkunar er ábótavant sem og aðgengi að efniviði til að nýta í hreyfileikjum. Möguleikar húsnaðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru vel nýttir. Leikskólinn býður upp á fjölbreyttan efnivið til náms og leikja og er sérstök áhersla lögð á efnivið sem tengist hlutverkaleik. Efniviður vekur áhuga barnanna, er aðgengilegur fyrir þau og umhverfið er skipulagt þannig að leikgleðin fær að njóta sín. Efniviður, bókakostur og leikefni endurspeglar margbreytileika að mörgu leyti. Dagskipulag er endurmetið reglulega til að mæta þörfum barnanna. Í dagskipulagi er gott jafnvægi á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna.

Starfshættir

Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börn. Samræður eru á jafnréttisgrunni og starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barnanna til náms og samskipta. Frjálsum leik er gefið mikið rými og börnin fengu góðan tíma til að þróa leikinn og dýpka. Starfsfólk tekur þátt í skipulögðum verkefnum með börnunum en þátttaka starfsfólks í frjálsum leik barna var ekki víða sýnileg þá daga sem vettvangsheimsókn stóð yfir. Vegna lítils pláss og aðstöðu til hreyfileikja í sal leikskólans þurfti starfsfólk stundum að stoppa af fjöruga leiki svo ekki skapaðist slyshætta af.

Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna með áherslu á vinsemi og hjálpsemi. Hvatning til sjálfshjálpar er sýnileg – börnin klæða sig sjálf í og úr, skammta sér sjálf á diska og ganga frá eftir matinn.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá kemur fram að litið er á leikskólann sem lýðræðislegt lærdómssamfélag.²⁵ Litið er á börn og kennara sem samstarfsaðila þar sem raddir allra heyrast og sameiginlegar ákvarðanir eru teknar. Lýðræðisleg þátttaka barna í starfinu birtist með ýmsum hætti. Börnin skiptast á að vera umsjónarmenn og eru þeir lykilmenn í vali um viðfangsefni sem í boði eru, bæði þegar um er að ræða valstundir og flæði. Reglulega er rætt við börnin í samverustund um hvað er skemmtilegt að gera og hvað þeim finnst síður skemmtilegt og tekið er mið af sjónarmiðum þeirra við skipulag starfsins. Viðhorf þeirra eru skráð og nýtt við innra mat leikskólans. Í rýnihópum starfsmanna var nefnt dæmi þar sem óskir barna höfðu áhrif á skipulag starfsins. Í því tilfelli voru börn ósátt við að geta ekki leikið við vini í valstundum, niðurstaða þeirrar umræðu var að ákveðið var að taka upp flæði.²⁶ Börnin fá að velja hvað er í hádegismat einu sinni í mánuði og koma með tillögur að innkaupum á leikföngum og öðrum

²⁵ Drög að skólanámskrá

²⁶ Viðtal við rýnihóp starfsmanna og deildarstjóra

efnivið. Í rýnihóp voru börnin spurð hvort þau fengju að velja hvað væri gert í leikskólanum. Þau sögðu að umsjónarmaðurinn fengi að velja eitt leikfang en kennararnir allt hitt. Þau sögðust sjálf fá að ráða við hverja þau leika. Þau sögðust ekki vilja breyta leikskólanum því þau væru ánægð með hann eins og hann er. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að börnin léku óþvingað og höfðu val um fjölbreytt viðfangsefni. Sjálfsprottinn leikur barnanna fékk gott svigrúm.

Námssvið

Í skólanámskrá Hamra er fjallað um hvernig unnið er að námssviðum leikskólans: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*.²⁷ Til hliðsjónar eru hafðir grunnþættir menntunar og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Í drögum að skólanámskrá og í námskrám deilda koma fram skýr markmið fyrir námssviðin og fjallað er um þær leiðir sem farnar eru í að vinna að þeim.

Unnið er markvisst að eflingu læsis og ritmál er sýnilegt á öllum deildum leikskólans. Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu þar sem markmið og leiðir eru skilgreindar. Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð, þulur og ævintýri. Börnin hafa aðgang að fjölbreyttum bókum og ritmálsörvandi efniviði og ýmsar leiðir eru farnar til að hvetja börnin til að tjá sig og segja frá. Unnið er að því að börnin læri uppbyggileg og jákvæð samskipti, að tjá tilfinningar sínar og lesa í tilfinningar annarra.²⁸

Heilbrigði og vellíðan barnanna er meðal annars studd með félagslegum tengslum, fjölbreyttri hreyfingu, hollri næringu, hreinlæti og hvíld. Stuðlað er að því að börnin læri að sýna umhyggju, eigi jákvæð samskipti, annist persónulega umhirðu og hjálpi sér sjálf. Útikennsla og vettvangsferðir eru hluti af leikskólastarfinu.

Unnið er að sjálfbærni og vísindum í gegnum það að börnin kynnast náttúrunni og fá tækifæri til að rannsaka hana og kanna. Leikskólinn tekur þátt í *Grænum skrefum* og taka börnin þátt í að flokka og endurvinna. Flokkunartunnur eru á öllum deildum. Börnin fá tækifæri til tilrauna og læra að þekkja tölur, tákni og mynstur sem tengjast stærðfræði í gegnum Numicon námsefnið og einingakubba. Í vísindastarfi er m.a. notast við myndvarpa, vísindakassa og sulluker.

Börnin fá tækifæri til sköpunar meðal annars í frjálsum leik, listasmiðju og í gegnum söng og hljóðfæraleik. Unnið er með fjölbreyttan efnivið og endurvinnanlegt efni. Oft er einnig útinámi og listsköpun fléttað saman. Unnið er með heimamenningu barna á þann hátt að þau skiptast á að fara heim með bangsa um helgar, foreldrar skrá viðfangsefni helgarinnar og fjallað er um það í samverustund. Reglulega er boðið upp á leiksýningar í leikskólanum.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Gildi sem leikskólinn hefur sett sér endurspeglast í starfi með börnunum. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar glöð og ánægð börn og uppbyggileg samskipti starfsfólks við börnin. Reglur eru skýrar, samræmdar og sýnilegar á veggjum allra deilda í myndum og rituðu máli. Börnin í rýnihópi þekktu reglurnar og gátu sagt hverjar þær væru.²⁹

Annað hvert ár er gerð könnun á viðhorfum foreldra á vegum skóla- og frístundasviðs. Síðasta könnun var gerð í mars/apríl 2015. Að mati foreldra sem tóku þátt í könnuninni líður börnunum vel í leikskólanum og aðlagast vel barnahópnum.³⁰ Það er álit foreldranna að starfsfólkið þekki þarfir barnsins þeirra og styðji það vel í leikskólastarfinu. Foreldrum finnst barnið sitt vera öruggt í leikskólanum. Viðhorf foreldra í rýnihóp eru í samræmi við niðurstöður könnunarinnar. Þeir nefndu að vel væri hugsað um börnin, passað væri upp á sérhvert barn og komið til móts við þarfir þeirra.³¹ Þau sögðu börnin glöð að fara á leikskólann og tala vel um hann heima. Flest börnin í rýnihópi svöruðu því til að þeim

²⁷ Drög að skólanámskrá Hamra

²⁸ Drög að skólanámskrá Hamra

²⁹ Viðtal við rýnihóp barna

³⁰ Foreldrakönnun SFS

³¹ Viðtal við rýnihóp foreldra

fyndist gaman að fara í leikskólann.³² Sterk óánægja kom fram í rýnihópi foreldra með að hætta að nota þurrkskápa til að þurrka útiföt barnanna vegna sparnaðar á rafmagni í tengslum við Græn skref.

Mat á námi og velferð barna

Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna og viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar varðandi mat á málþroska.³³ Börn á fjórða ári eru metin samkvæmt Efi-2 málþroskaskimuninni með það að markmiði að finna börn sem eru með frávik í málþroska. Hljóm-2 málþroskaskimunin, sem metur hljóðkerfis og málmeðvitund, er lögð fyrir börn í elsta árgangi í október ár hvert. Sérstaklega er unnið með börn sem ekki ná meðalfærni og staða þeirra endurmetin þremur mánuðum síðar. Samhliða Hljóm-2 er gerð könnun á stafabekkingu í elsta árgangi. Unnið er markvisst með ritmál og stafabekkingu út frá þeim niðurstöðum. Foreldrar eru ávallt upplýstir um niðurstöður skimana.

Nokkuð er um ljósmyndaskráningu af leik og námi barna og eru myndir birtar í læstri möppu á heimasíðu svo foreldrar geti fylgst með. Einstaklingsáætlun er gerð fyrir öll börn og endurskoðuð tvisvar á ári í samvinnu við foreldra. Einstaklingsáætlun hefur að geyma upplýsingar um framfarir barnsins í málþroska, samskiptum og leik, hegðun og aðlögunarhæfni, úthaldi og einbeitingu og hreyfifærni. Við endurskoðun á einstaklingsáætlun er stuðst við matslista eftir því sem við á. Hvert barn á sína ferilmöppu með myndum eftir barnið frá upphafi leikskólagöngu. Ýmsum verkefnum barnanna er að auki safnað í möppur og má þar nefna vinnustundarmöppu (4-6 ára) og Lubbamöppu (3-5 ára).

Styrkleikar

- Efniviður er áhugaverður og aðgengilegur fyrir börnin.
- Lýðræðislegt samstarf einkennir starfshætti.
- Lögð er áhersla á að raddir barnanna fái að heyrast og að þau hafi áhrif á starf leikskólans.
- Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börn.
- Hvatning til sjálfshjálpar er sýnileg.
- Markvisst er unnið að námssviðum leikskóla með hliðsjón af grunnþáttum menntunar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Börnin eru glöð, milli þeirra ríkir samkennd og þeim líður vel í leikskólanum.
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna.
- Viðurkenndar skimanir eru notaðar til að meta málþroska barna.
- Samvinna er við foreldra um mat á námi og framförum barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Takmarkað svigrúm er innandyra til að mæta hreyfipörf barna í leik.
- Slæmt aðgengi er að efniviði til að nýta í hreyfileikjum barna.
- Auka mætti skráningar í ferilmöppum barnanna.

³² Viðtal við rýnihóp barna

³³ Drög að skólanámskrá Hamra og læsisstefna Hamra

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Í foreldraráði Hamra eiga sæti þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Leikskólastjóri boðar til funda í foreldraráði í samráði við fulltrúa í ráðinu³⁴. Að sögn fulltrúa foreldraráðs voru fundir í foreldraráði tvisvar á önn á síðasta starfsári en í vetur er ekki búið að halda formlegan fund í ráðinu.³⁵ Samskipti hafa átt sér stað í gegnum tölvupóst í haust þar sem foreldraráðið hefur verið með jafnréttisáætlun og skólanámskrá til umsagnar. Fram kom í rýnihópi foreldra að það vantaði meiri formfestu í kringum ráðið. Það hefur ekki sett sér starfsreglur og fundargerðir eru ekki skráðar og því ekki aðgengilegar öðrum foreldrum til upplýsingar. Einnig er að mati foreldra í rýnihópi ekki staðið nógu vel að vali í foreldraráð. Á foreldrafundi á haustin er óskað eftir þátttöku foreldra í stjórn foreldrafélags. Stjórn foreldrafélagsins velur síðan fulltrúa úr sínum röðum í foreldraráðið og sitja þeir því bæði í foreldraráði og stjórn foreldrafélags. Lögðu foreldrar í rýnihópi til að auglýst væri eftir fulltrúum í foreldraráð og þeir yrðu kosnir lýðræðislega.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eiga allir áhugasamir foreldrar kost á að vera í stjórn þess.³⁶ Vel hefur gengið að fá fulltrúa í stjórn félagsins. Leikskólastjóri fundar með stjórn foreldrafélags og samskipti fara einnig mikið fram á feisbókarsíðu stjórnarinnar. Foreldrafélagið hefur ekki haldið aðalfund í ár og ekki gert skil á ársuppgjöri félagsins.³⁷ Foreldrafélagið stendur fyrir árlegum viðburðum og er að mati leikskólastjóra góður stuðningur við leikskólann.³⁸ Takmarkaðar upplýsingar eru um foreldrafélag og foreldraráð á heimasíðu leikskólans.

Fundur með foreldrum eru haldinn að hausti þar sem farið er yfir starf vetrarins. Þátttaka á foreldrafundum er ekki góð að sögn foreldra í rýnihópi en þó betra hjá foreldrum yngri barna en eldri.³⁹ Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári. Fyrir viðtölin eru drög að einstaklingsáætlun hvers barns send til foreldra.⁴⁰ Í foreldraviðtalinu er farið yfir áætlunina og hún fullkláruð. Foreldrar nýrra barna koma í viðtöl til leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra við upphaf leikskólagöngu barna þeirra. Túlkaþjónusta er notuð í foreldraviðtölum þegar þörf er á.

Í Hömrum er lögð sérstök áhersla á góða upplýsingagjöf til foreldra um líðan og stöðu barnanna og daglegt starf.⁴¹ Hver deild sendir vikulega fréttapósta til foreldra þar sem farið er yfir hvernig vikan gekk og hvað er á döfinni. Áætlun er gerð um starfið mánuð fram í tímann og matseðill er sendur foreldrum í upphafi hvers mánaðar og er hann einnig aðgengilegur á heimasíðu og á upplýsingatöflu. Upplýsingatafla á hverri deild er nýtt til daglegra upplýsinga. Virkni foreldra í leikskólastarfinu birtist fyrst og fremst í góðri þátttöku í foreldrakaffi og þegar auglýst er opið hús.

Viðhorf foreldra

Í fyrrnefndri foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs frá mars/apríl 2015 og í rýnihópi foreldra kom fram almenn ánægja með leikskólann.⁴² Flestir þeirra sem svöruðu könnun SFS svöruðu því jákvætt að leikskólinn hvetti þá til þátttöku í leikskólastarfinu. Foreldrar í rýnihópi sögðu aftur á móti að engin sérstök hvatning væri frá leikskóla til foreldra um þátttöku í leikskólastarfinu en þeim finnst þeir engu að síður vera velkomnir í leikskólann. Samkvæmt könnun og rýnihópi eru foreldrar ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks og stjórnenda. Foreldrar voru ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskól-

³⁴ Viðtal við leikskólastjóra

³⁵ Viðtal við rýnihóp foreldra

³⁶ Viðtal við leikskólastjóra

³⁷ Viðtal við rýnihóp foreldra

³⁸ Viðtal við leikskólastjóra

³⁹ Viðtal við rýnihóp foreldra

⁴⁰ Skólanámskrá Hamra, viðtal við rýnihóp foreldra og deildarstjóra og viðtal við aðstoðarleikskólastjóra

⁴¹ Drög að skólanámskrá

⁴² Foreldrakönnun SFS

anum og nefndu að þeir fengju upplýsingar með margvíslegum hætti.⁴³ Þeir lýstu yfir sérstakri ánægju með myndir á heimasíðu af börnunum í starfi, upplýsingar um hvað er á döfinni og upplýsingar um hve vel barnið þeirra hafði borðað þann dag.

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í miklu samstarfi við Kelduskóla-Vík um aðlögun barnanna á milli skólastiga. Unnið er með Söguaðferðina (e. Story-line) í samstarfinu og teknir fyrir tveir sögurammar yfir veturinn, einn á hvorri önn.⁴⁴ Í átta vikur fyrir jóla og í tíu vikur eftir jóla fara elstu börnin vikulega í 80 mínútur í senn í Kelduskóla-Vík. Eftir áramót er tekinn fyrir rammi sem heitir Að byrja í grunnskóla og felur hann meðal annars í sér heimsóknir til sérgreinakennara. Að auki fer elsti árgangur leikskólans og tekur þátt í tveimur kennslustundum með 1. bekk að vori og 1. bekkur kemur í tvær heimsóknir í leikskólann að hausti. Þá er elsta árgangi leikskólans einnig boðið í heimsókn í frístundaheimilið Vík Galdraslóð. Upplýsingum um stöðu barnanna, s.s. niðurstöðum skimana vegna málþroska og læsis, er miðlað með formlegum hætti til grunnskólans. Grunnskólinn miðlar einnig upplýsingum til leikskólans um frammi-stöðu barnanna þegar niðurstöður úr *Leið til læsis* liggja fyrir. Tvö börn af fjórum í rýnihópi barna nefndu að skólaheimsóknirnar væru það skemmtilegasta sem þau gerðu í leikskólanum.⁴⁵ Matsaðilar meta samstarfið við Kelduskóla-Vík til fyrirmyndar.

Annað samstarf

Samstarf er við Borgarbókasafnið í Spönginni og einu sinni í mánuði er farið með börnin í heimsókn þangað til að velja bækur og taka þátt í sögustund.⁴⁶ Samstarf er við Borgarholtsskóla um starfsnám nemenda í leikskólanum. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kemur árlega í heimsókn og fræðir elsta árganginn um eldvarnir og Umferðarskólinn kemur með umferðarfræðslu fyrir elsta árganginn. Samstarf er á milli stjórnenda í leikskólum í hverfinu.

Styrkleikar

- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks og stjórnenda.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styður vel við leikskólastarfið.
- Allir foreldrar sem kjósa að vera í stjórn foreldrafélagsins eiga þess kost.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra.
- Samstarf við foreldra er gott og þeir taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.
- Til fyrirmyndar er hvernig staðið er að samstarfi Hamra og Kelduskóla-Víkur um aðlögun barna á milli skólastiga.
- Vel er staðið að gagnkvæmri upplýsingagjöf á milli leikskólans og grunnskólans.

Tækifæri til umbóta

- Leitað verði leiða til að velja fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð setji sér starfsreglur, riti fundargerðir og birti þær á heimasíðu leikskólans.
- Birta ætti upplýsingar um starfsemi foreldrafélags og lög þess á heimasíðu.
- Árlega þarf að gera foreldrum grein fyrir hvernig félagsgjöld þeirra til foreldrafélagsins eru notuð.

⁴³ Viðtal við rýnihóp foreldra

⁴⁴ Drög að skólanámskrá

⁴⁵ Viðtal við rýnihóp barna

⁴⁶ Drög að skólanámskrá

Skóli án aðgreiningar

Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Leikskólinn sækir sérfræðiþjónustu til þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness – Miðgarðs. Þar eru starfandi sérkennsluráðgjafi, sálfræðingar, talmeinafræðingar og hegðunarráðgjafi sem leikskólar í hverfinu geta leitað til.⁴⁷ Ef grunur vaknar um frávík hjá barni er farið eftir ákveðnu ferli og beiðni send til þjónustumiðstöðvar. Mismunandi er hversu fljótt er brugðist við af hálfu þjónustumiðstöðvar eftir því hvers eðlis frávikið er en að sögn umsjónaraðila sérkennslu er mjög vel staðið að málgreiningu barna.⁴⁸ Talmeinafræðingur kemur í leikskólann einu sinni í viku, sex til sjö vikur á hverri önn, til að sinna greiningu og endurmati. Sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur koma á átta vikna fresti á samráðsfund í leikskólanum.⁴⁹ Hegðunarráðgjafi kemur reglulega í leikskólann með mat og eftirfylgd.⁵⁰ Umsjónaraðili sérkennslu sækir fundi sérkennslustjóra á þjónustumiðstöð.⁵¹

Einn deildarstjóri á Hömrum sinnir jafnframt umsjón með sérkennslu. Hún er leikskólakennari, með framhaldsmenntun í þroska, máli og læsi.⁵² Í Hömrum er einungis eitt barn sem á rétt á sérkennslu í klukkutíma á dag og er menntaður stuðningsfulltrúi starfandi á leikskólanum sem vinnur með því undir verkstjórn umsjónaraðila sérkennslu. Í leikskólanum er unnið að markvissri málörvun barna sem eru með seinkaðan málþroska. Í vetur hafa fjórtán börn notið málörvunar og hefur stuðningsfulltrúi haft það hlutverk að taka börnin, tvö og tvö saman, í sérstaka málörvunartíma. Vegna mannbreytinga mun málörvunin færast inn á deildir og vera í höndum starfsfólks deilda enda lögð áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik. Umsjónaraðili sérkennslu heldur utan um einstaklingsnámskrár og setur upp málörvunarstundir í samvinnu við talmeinafræðing á þjónustumiðstöð. Samráð er haft við foreldra ef grunur vaknar um að barn þurfi sérstakan stuðning. Þegar barn hefur farið í gegnum mat eru unnin drög að einstaklingsnámskrá sem foreldrar fá til umsagnar. Endurskoðun og breyting á einstaklingsnámskrám fer fram tvisvar á ári og fara þá börnin í endurmat.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í læsisstefnu Hamra er fjallað um þær leiðir sem farnar eru í vinnu með börnum með annað tungumál en íslensku og byggja þær á stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf.⁵³ Notaðar eru m.a. samskiptabækur og myndræn skilaboð til að auðvelda samskipti og upplýsingagjöf. Leikskólinn hefur komið sér upp fjölmenningsarmöppu sem hefur að geyma tilkynningar, kveðjur og auglýsingar á ýmsum tungumálum. Unnið er að markvissri málörvun barna sem hafa annað móðurmál en íslensku með svipuðum hætti og unnið er með börn með seinkaðan málþroska og er lögð sérstök áhersla á að auka orðaforða þeirra. Framfarir barna eru metnar með hjálp leiðarvísisins *Einn leikskóli – Mörg tungumál*.⁵⁴ Foreldrar barnanna fá einstaklingsáætlun sem þeir yfirfara og samþykkja.

Styrkleikar

- Leikskólinn nýtir ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis.
- Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með stuðning og börn með annað móðurmál en íslensku.
- Vel er staðið að greiningu og stuðningi við málþroska barna og unnið er markvisst að eflingu málþroska barna með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að leikskólinn móti sér sérkennslustefnu í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar og auki upplýsingar á heimasíðu um hvernig staðið er að sérfræðiþjónustu í leikskólanum.
- Vinna mætti með menningu barna af erlendu þjóðerni.

⁴⁷ Símtal við sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar

⁴⁸ Viðtal við umsjónaraðila sérkennslu

⁴⁹ Símtal við sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar

⁵⁰ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra

⁵¹ Viðtal við umsjónaraðila sérkennslu

⁵² Viðtal við umsjónaraðila sérkennslu

⁵³ Læsisstefna Hamra

⁵⁴ Drög að skólanámskrá Hamra

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Innra mat í Hömrum er kerfisbundið og samofið daglegu starfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem farnar eru við innra mat. Áætlun um innra mat, sem fyrirhugað er á starfsárinu, kemur fram í starfsáætlun en ekki liggur fyrir áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann. Í starfsáætlun kemur fram að markmið leikskólans og leiðir að markmiðum eru metnar með samræðu á fundum og skipulagsdögum. Viðmið hafa almennt ekki verið skilgreind um þann árangur sem stefnt er að.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt í samstarfi við aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra. Ekki er annað að sjá af fyrirbyggjandi gögnum en að gagna sé aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu og með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem upplýsinga er leitað hjá. Niðurstöður úr ytra mati Reykjavíkurborgar, starfsmannakönnun og foreldrakönnun, eru nýttar í innra matið. Starfsfólk og börn eru virkir þátttakendur í innra mati en nokkuð vantar upp á þátttöku foreldra, bæði við að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati og einnig virðist lítið leitað eftir sjónarmiðum þeirra um þá þætti sem til skoðunar eru.⁵⁵ Í foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs frá mars/apríl 2015 kemur fram að um helmingur foreldra telur að leikskólinn leiti ekki eftir tillögum og hugmyndum þeirra um leikskólastarfið.⁵⁶ Í rýnihópi foreldra og í foreldrakönnun kom fram að vel er brugðist við ábendingum foreldra um það sem betur má fara í leikskólanum.⁵⁷

Opinber birting og umbætur

Greinargerð um innra mat er birt í starfsáætlun leikskólans, sem er aðgengileg á heimasíðu. Í greinargerðinni koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd matsins og dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Vísir að áætlun um umbætur, sem byggir á niðurstöðum matsins, er einnig birt í starfsáætlun. Umbótaáætlun er ekki tímasett og í henni kemur ekki fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn. Starfsfólk í rýnihópum sagði að markvissst væri tekið á því sem ekki kæmi vel út í innra mati og nefndi dæmi um umbætur sem innra mat hafði leitt af sér.⁵⁸

Styrkleikar

- Innra mat er samofið daglegu starfi og mat á starfsháttum fer fram reglulega.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum barna og starfsfólks um það sem betur má fara í leikskólastarfinu.
- Greinargerð um innra mat er hluti af starfsáætlun leikskólans, hún er birt á heimasíðu og borin undir foreldraráð til umsagnar og skólayfirvöld Reykjavíkurborgar til staðfestingar.
- Vel er brugðist við ábendingum frá foreldrum og umbætur gerðar.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að gera matsáætlun til lengri tíma.
- Skoða mætti við næstu endurskoðun skólanámskrár að draga með skýrari hætti fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Skoða ætti hvernig foreldrar geta komið meira að mati á leikskólastarfinu.
- Æskilegt væri að skilgreina umbætur með markvissari hætti, tímasetja þær, tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig eigi að meta árangur aðgerða.

⁵⁵ Starfsáætlun, rýnihópur foreldra, viðtal við leikskólastjóra

⁵⁶ Foreldrakönnun SFS

⁵⁷ Rýnihópur foreldra og foreldrakönnun SFS

⁵⁸ Rýnihópar starfsfólks

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 - 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt = Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

| Stjórnun | | Uppeldis- og menntastarf | | Leikskólabragur | | Foreldrasamstarf | Innra mat |
|----------------------------------------------|------------------------------------|----------------------------------------------------|----------------------------------|---------------------------|------------------------|---------------------------------------------------------|----------------------------|
| Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur | Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | Skipulag náms og námsaðstæður | Uppeldi, menntun og starfshættir | Viðmót og menning | Velferð og líðan barna | Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun | Skipulag og viðfangsefni |
| Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur | Faglegt samstarf | Leikur og nám lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna | Námssvið leikskólans | Hlutverk leikskólakennara | Fagmennska starfsfólks | Viðhorf foreldra | Opinber birting og umbætur |
| Leikskólaþróun og símenntun | | Leikskóli án aðgreiningar | Mat á námi og velferð barna | Starfsánægja | | | Gagnasöfnun og vinnubrögð |

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Hamra: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Starfsmenn eru duglegir að leita lausna og vinna vel úr aðstæðum, skipta börnum inni og úti og nýta húsnæði vel.
- Góð hljóðvist er í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu.
- Áherslur, stefna og gildi leikskólans eru sýnileg í starfi með börnum.
- Gott samstarf er á milli leikskólans og skóla- og frístundasviðs.
- Gerð skólanámskrár er samvinnuverkefni starfsfólks, foreldra og barna.
- Samvinna stjórnenda er góð og verkaskipting skýr þó að hún sé ekki skrifleg.
- Skipulag daglegs starfs í leikskólanum er skýrt og aðgengilegt starfsfólki.
- Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Leikskólastjóri skapar svigrúm og hvetur til símenntunar.
- Ákvarðanataka einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Aðgengi starfsfólks, foreldra og barna að leikskólastjórnendum er gott.
- Skólabragur í leikskólanum er jákvæður.
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann og samvinnu í leikskólanum og telur að jafnræðis sé gætt.
- Starfsfólk segir þekkingu sína og hæfni vera vel nýtt og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.
- Efniviður er áhugaverður og aðgengilegur fyrir börnin.
- Lýðræðislegt samstarf einkennir starfshætti.
- Lögð er áhersla á að raddir barnanna fái að heyrast og að þau hafi áhrif á starf leikskólans.
- Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börn.
- Hvatning til sjálfshjálpar er sýnileg.
- Markvisst er unnið að námssviðum leikskóla með hliðsjón af grunnþáttum menntunar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Börnin eru glöð, milli þeirra ríkir samkennd og þeim líður vel í leikskólanum.

- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.
- Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna.
- Viðurkenndar skimanir eru notaðar til að meta málþroska barna.
- Samvinna er við foreldra um mat á námi og framförum barnanna.
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks og stjórnenda.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styður vel við leikskólastarfið.
- Allir foreldrar sem kjósa að vera í stjórn foreldrafélagsins eiga þess kost.
- Vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra.
- Samstarf við foreldra er gott og þeir taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.
- Til fyrirmyndar er hvernig staðið er að samstarfi Hamra og Kelduskóla-Víkur um aðlögun barna á milli skólastiga.
- Vel er staðið að gagnkvæmri upplýsingagjöf á milli leikskólans og grunnskólans.
- Leikskólinn nýtir ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis.
- Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með stuðning og börn með annað móðurmál en íslensku.
- Vel er staðið að greiningu og stuðningi við málþroska barna og unnið er markvisst að eflingu málþroska barna með annað móðurmál en íslensku.
- Innra mat er samofið daglegu starfi og mat á starfsháttum fer fram reglulega.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum og reglulega er leitað eftir sjónarmiðum barna og starfsfólks um það sem betur má fara í leikskólastarfinu.
- Greinargerð um innra mat er hluti af starfsáætlun leikskólans, hún er birt á heimasíðu og borin undir foreldraráð til umsagnar og skólayfirvöld Reykjavíkurborgar til staðfestingar.
- Vel er brugðist við ábendingum frá foreldrum og umbætur gerðar.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Bæta þarf lýsingu í sameiginlegu rými leikskólans.
- Skoða hætti hvort ástæða sé til að fækka börnum eða breyta skipulagi og nýtingu húsnæðis og endurskoða rými fyrir hreyfingu, næðisstundir og stærri fundi.
- Gera má gildi leikskólans sýnilegri á veggjum hans og kynna betur fyrir foreldrum.
- Gera ætti skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans og skrá verkaskiptingu stjórnenda.
- Skrá þarf með skýrari hætti hvernig staðið er að móttöku nýrra barna og foreldra.
- Gera ætti símenntunaráætlun fyrir leikskólann.

- Skrá þarf verklag í kringum móttöku nýrra starfsmanna.
- Æskilegt er að skrá verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmanna-hópnum.
- Stjórnendur mættu fylgjast með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólkinu endurgjöf.
- Takmarkað svigrúm er innandyrta til að mæta hreyfiþörf barna í leik.
- Slæmt aðgengi er að efniviði til að nýta í hreyfileikjum barna.
- Auka mætti skráningar í ferilmöppum barnanna.
- Leitað verði leiða til að velja fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð setji sér starfsreglur, riti fundargerðir og birti þær á heimasíðu leikskólans.
- Birta ætti upplýsingar um starfsemi foreldrafélags og lög þess á heimasíðu.
- Árlega þarf að gera foreldrum grein fyrir hvernig félagsgjöld þeirra til foreldrafélagsins eru notuð.
- Æskilegt er að leikskólinn móti sér sérkennslustefnu í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar og auki upplýsingar á heimasíðu um hvernig staðið er að sérfræðiþjónustu í leikskólanum.
- Vinna mætti með menningu barna af erlendu þjóðerni.
- Æskilegt væri að gera matsáætlun til lengri tíma.
- Skoða mætti við næstu endurskoðun skólanámskrár að draga með skýrari hætti fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Skoða ætti hvernig foreldrar geta komið meira að mati á leikskólastarfinu.
- Æskilegt væri að skilgreina umbætur með markvissari hætti, tímasetja þær, tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig eigi að meta árangur aðgerða.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Hömrum leiðir í ljós að þar fer fram metnaðarfullt leikskólastarf. Starfsmenn leggja metnað sinn í að skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði í leikskólanum. Í öllum samskiptum mátti greina virðingu og umhyggju fyrir börnunum og lögð er áhersla á að mæta þörfum hvers einstaklings. Starfsandi í leikskólanum er einstaklega góður og ánægja ríkir með stjórnun hans. Ákvörðunartaka og samstarf einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið. Börnunum líður vel og foreldrar eru ánægðir með leikskólann. Samstarf milli leikskólans og grunnskólans er til fyrirmyndar. Huga þarf að meiri formfestu í kringum starfsemi foreldraráðs og auka þátttöku foreldra í mati á leikskólastarfinu.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 4. nóvember 2015. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Deildanámskrár Hamra. Sótt 4. nóvember 2015. Slóðin er: <http://hamrarnir.is/leikskolinn/stefna-og-starfsaaetlun/1031-deildarnamskrar> .

Drög að skólanámskrá Hamra.

Foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs. Sótt 3. desember 2015. Slóðin er: <http://hamrarnir.is/component/jce/?view=popup&tmpl=component&img=images/stories/frettamyndir/Foreldrakonnun.PNG&title=> .

Heimasíða Reykjavíkurborgar. Sótt 8. desember 2015. Slóðin er: <http://reykjavik.is>

Læsisstefna Hamra. Sótt 17. nóvember 2015. Slóðin er: http://hamrarnir.is/images/stories/arsaaetlun/Laesisstefna_Hamra.pdf .

Lög um leikskóla Nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. (2009). Sótt 4. desember 2015. Slóðin er: http://reykjavik.is/sites/default/files/skjo_l_thjonustulysingar/Serkennslustefna_-_lokaeintak.pdf .

Starfsáætlun Hamra. Sótt 4. nóvember 2015. Slóðin er: http://hamrarnir.is/images/stories/arsaaetlun/Starfsaaetlun_leikskola_2015_2016.pdf .

Viðhorfakönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2015: Hamrar. Reykjavíkurborg: Mannauðsdeild.

Viðtöl:

Símtal við sérkennsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar – Miðgarðs.

Tölvupóstsamskipti við skrifstofustjóra leikskóla, fagskrifstofu Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við umsjónaraðila sérkennslu.

